Nr. 87 9. desember 2021

# AUGLÝSING

**um samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands.**

Hinn 14. október 2011 var undirritað í London samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2012. Alþingi hafði hinn 11. maí 2012, með þingsályktun nr. 20/140, heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2012.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.
**Martin Eyjólfsson.**

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**SAMKOMULAG**
**milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir**
**innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen**
**og efnahagslögsögu Íslands.**

Í samræmi við 3. mgr. sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2012 milli Evrópusambandsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins 14. október 2011 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2012 heimilt að veiða 120.868 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 22.491 lest í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er á árinu 2012 heimilt að veiða allt að 58.570 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands.

Í því tilviki að íslensk fiskiskip veiða minna en 16.660 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N á árinu 2012 mun Noregur færa 833 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2013 til Íslands.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 14. október 2011.

| | |
|---|---|
| Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar: | Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar: |
| Kristján Freyr Helgason | Sigrun M. Holst |

**ARRANGEMENT**
**between Iceland and Norway on access to the Norwegian Economic Zone North of 62°N, the Fishery Zone around Jan Mayen and the Icelandic Exclusive Economic Zone**

In accordance with paragraph 3 of the Agreed Record of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2012 between the European Union, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation of 14 October 2011, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2012 to fish 120,868 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 22,491 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2012 to fish 58,570 tonnes of herring in the Icelandic Exclusive Economic Zone.

In the event that Icelandic fishing vessels catch less than 16,660 tonnes of herring in the Norwegian Economic Zone north of 62°N during 2012, Norway will transfer 833 tonnes of its herring quota for 2013 to Iceland.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London, 14 October 2011

| | |
|---|---|
| For the Icelandic Delegation | For the Norwegian Delegation |
| Kristján Freyr HELGASON | Sigrun M. HOLST |

---